



27. mars 2014

Ræða

Más Guðmundssonar seðlabankastjóra.
Flutt á 53. ársfundi Seðlabanka Íslands, 27. mars 2014.

Forseti Íslands, forsætisráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra, formaður bankaráðs, fyrrverandi seðlabankastjórar, bankastjórar, stjórnendur ráðuneyta og stofnana, sendiherrar erlendra ríkja og aðrir góðir gestir!

Þessi ársfundur er hinn sjötti eftir að stór hluti íslenska fjármálakerfisins hrundi og hér hófst dýpsti efnahagssamdráttur frá því mælingar hófust eftir seinni heimstyrjöldina. Hann er jafnframt síðasti ársfundur á núverandi skipunartímabili þess sem hér stendur. Af þessum sökum og þar sem við stöndum nú á vissum tímamótum varðandi endurreisn efnahagslífs og fjármálakerfis er ekki úr vegi að líta yfir farinn veg, leggja mat á þann árangur sem hefur náðst en kortleggja jafnframt þær áskoranir sem framundan eru.

Fjármálakreppan hér á landi var hluti af hinnu alþjóðlegu fjármálakreppu sem náði hástigi upp úr miðjum september 2008 þegar bandaríski fjárfestingarbankinn Lehman Brothers fór í þrot og áhlaup varð á erlenda fjármögnun banka um allan heim. Ef ekki hefðu komið til samræmd viðbrögð stærstu seðlabanka heimsins sem veittu lausu dollarafé gegn veðum til alþjóðlegra banka, bæði beint og í gegnum gjaldeyrisskiptasamninga, hefðu margir af þessum bönkum farið í þrot.

Ísland var ekki nema í mjög takmörkuðum mæli hluti af þessu samstarfi. Íslensku viðskiptabankarnir voru hins vegar mjög háðir erlendri fjármögnun sem auk þess var til mun skemmri tíma en þær erlendu eignir sem þeir höfðu fjárfest í. Íslensk stjórnvöld gátu engan veginn ein veitt íslensku viðskiptabönkunum þá fyrirgreiðslu í erlendum gjaldmiðli sem bankar víða um heim nutu á þessum dögum og hefðu sett sig sjálf í stórhættu ef þau hefðu reynt það í þeim mæli sem þurft hefði til þess að forða þeim frá falli. Auk þess voru margvíslegir aðrir veikleikar í efnahagsreikningum bankanna sem hefðu líklega leitt til þess að þeir hefðu lent í illviðráðanlegum erfiðleikum hvort sem var, þótt síðar hefði orðið.

Þrátt fyrir það hvernig fór hér á landi er mikilvægt að við gleymum því ekki að það voru alþjóðleg viðbrögð sem komu í veg fyrir að fjármálakreppan beggja vegna Atlantshafsins umbreyttist í miklu víðtækara þrot alþjóðlegra og þjóðbundinna banka. Jafnframt komu þau í veg fyrir að samdrátturinn varð ekki undanfari efnahagskreppu af því umfangi sem fyrri kynslóðir upplifðu á

millistríðsárunum. Seðlabankarnir léku lykilhlutverk í upphafi með umfangsmikilli lausafjárfrigreiðslu á heimavettvangi, samræmdri slökun peningastefnu og ekki síst gjaldeyrisskiptasamningum sem fólu í raun í sér alþjóðlega framlengingu á hlutverki Seðlabanka Bandaríkjanna sem lánveitanda til þrautavara.

Auk þess að milda samdráttinn sem var í uppsiglingu miðuðu þessar aðgerðir að því að stöðva vítahring brunaútsölu illseljanlegra eigna, fallandi eignaverðs og uppgufunar lausafjár og draga þannig úr hættunni á að eigið fé banka félli hratt niður fyrir viðurkennd mörk og að fjármálakreppan breyttist í keðjuverkandi þrot banka um allan heim. Slík þróun hefði haft mjög alvarleg áhrif á efnahagsstarfsemina. Hvað það varðar má ekki draga of víðtækar ályktanir af bankahruninu á Íslandi þar sem alþjóðlegur hluti bankakerfisins var svo stór og innlendri starfsemi þess var í raun haldið gangandi með töluverðum tilkostnaði.

Alþjóðlegt samstarf um kreppuviðbrögð varð síðan mun víðtækara, sérstaklega í gegnum samstarf G20-landanna og á vegum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, og náði til sameiginlegrar sýnar á ríkisfjármálaaðgerðir til stuðnings bankakerfinu og til örvunar eftirspurnar og stuðningsaðgerða við einstök lönd. Síðar var áherslan færð á umbætur sem talið var nauðsynlegt að gera á umgjörð og regluverki fjármálakerfisins. Sú vinna er enn í gangi.

Þrátt fyrir allar þessar aðgerðir varð samdrátturinn beggja vegna Atlantsála undir lok árs 2008 og framan af ári 2009 sá dýpsti síðan á millistríðsárunum og á heimsvísu víðtækari og samhæfðari en nokkur önnur dæmi eru um í sögu mannkyns. Íslenskt efnahagslíf varð auðvitað fyrir áhrifum af þeirri þróun en til viðbótar komu svo áhrif falls bankanna, hrops eignaverðs og þeirrar óhjákvæmilegu aðlögunar innlendra eftirspurnar í framhaldi af ofpenslu árána 2005-2007 sem hafin var áður en bankarnir féllu. Samdrátturinn frá hátoppnum á fjórða ársfjórðungi 2007 þar til að botni var náð á fyrsta ársfjórðungi 2010 var sá dýpsti frá lokum seinnastríðs. Samtals féll landsframleiðsla um tæp 12½%. Í því sambandi verður þó að hafa í huga að hátoppurinn var algjörlega ósjálfbær þar sem saman fór mikil framleiðsluspenna og gífurlegur viðskiptahalli.

Efnahagsbatinn hófst á öðrum ársfjórðungi 2010. Við erum langt komin með að endurheimta tap landsframleiðslunnar sem varð í samdrættinum og samkvæmt spám munum við hafa gert það að fullu þegar á þessu ári. Munurinn er hins vegar sá að þjóðarbúskapurinn er nú í mun betra jafnvægi en þá var. Nú er afgangur á viðskiptum við útlönd og verðbólga er við markmið. Ef til vill má spyrja hversu mikill árangur þetta er í raun og veru í ljósi þess að ýmis önnur lönd hafa þegar fyrir nokkru endurheimt framleiðslutap sitt í ofangreindum skilningi. Þá hefur verið bent á lágt fjárfestingarstig en það er reyndar tilfellið víðast hvar meðal þróaðra landa upp á síðkastið ef undan eru skildir hrávöruframleiðendur eins og Ástralía, Kanada og Noregur. Sé endurbatinn hér á landi borinn saman við reynslu annarra landa í kjölfar gjaldeyris- og bankakreppu sést að hann er ekki óeðlilegur, ekki síst þegar litið er til þess að

sá bati hefur meðal samanburðarlandanna oft átt sér stað í mun hagfelldara alþjóðlegu efnahagsumhverfi en nú er til staðar.

Efnahagsbatann verður einnig að skoða í því ljósi að svigrúm bæði ríkisfjármálastefnunnar og peningastefnunnar til þess að ýta undir hann með eftirspurnarörvandi aðgerðum var takmarkað. Í ríkisfjármálum þurfti frá og með 2010 að eyða halla ríkissjóðs í áföngum sem var m.a. forsenda þess að opna aðgang ríkissjóðs að erlendum lánamörkuðum. Peningastefnunefndin þurfti framan af að einbeita sér að því að ná stöðugleika í gengi krónunnar enda forsenda þess að stöðva hrun eignaverðs og sjálfvirka skuldaaukningu heimila og fyrirtækja. Svigrúmið til að beita vaxtalækkun til að örva eftirspurn var því takmarkað en myndaðist þegar leið á árið 2009. Fjármagnshöft sem voru innleidd í lok árs 2008 juku þó svigrúmið og gerðu Seðlabankanum kleift að leyfa raunvöxtum að lækka hraðar en ella hefði verið mögulegt. Verðbólga, sem hafði aukist mikið í kjölfar hruns gjaldmiðilsins, tók smám saman að hjaðna en verðbólguþéttur í framhaldi af kjarasamningum og of háar verðbólguvæntingar takmörkuðu aftur svigrúm peningastefnunnar að þessu leytinu frá og með miðju ári 2011.

Tvö atriði eru mikilvæg til að skilja efnahagsbatann þrátt fyrir ofangreint mótstreymi. Hið fyrra lýtur að eðli samdráttarins. Að nokkru leyti fól hann í sér óhjákvæmilega aðlögun innlendrar eftirspurnar að því að fjármögnun mikils viðskiptahalla var ekki lengur möguleg og það að tvær atvinnugreinar sem höfðu ofþanist í uppsveiflunni, þ.e. fjármálaþjónusta og byggingariðnaður, skruppu hratt saman. Þegar þessi viðsnúningur var yfirstaðinn stóð þjóðarbúskapurinn á traustum stöðum annarra greina og lágt raungengi örvaði sumar útflutnings- og samkeppnisgreinar. Seinna atriðið lýtur að því að hagkerfi Íslands er mjög lítið og opið. Innlend eftirspurn er því oft minni drifkraftur hagvaxtar en erlend eftirspurn, öfugt við það sem gerist í mun stærri hagkerfum. Þetta vill stundum gleymast í umræðu um hagstjórn hér á landi.

Ágætu fundargestir. Það eru nokkur tímamót varðandi framkvæmd peningastefnunnar um þessar mundir. Á síðasta ári voru verðbólga og verðbólguvæntingar lengst af vel fyrir ofan verðbólguþéttmið á sama tíma og efnahagsbatinn sótti í sig veðrið og verðbólguþéttur miðað við þáverandi gengi bentu til að það myndi taka nokkurn tíma að ná markmiðinu. Hægt hefði verið að draga af þessu þá ályktun að taumhald peningastefnunnar hafi verið of slakt. Reyndar hefur því stundum verið haldið fram að peningastefnan hafi verið of aðhaldssöm en efnahagsþróunin hefur engin merki sýnt sem styðja það né hefðbundnir mælikvarðar á aðhaldsstig peningastefnunnar. Peningastefnunefnd taldi aðhaldið hins vegar hæfilegt til að ná verðbólguþéttmiðinu á næstu tíð.

Í febrúarmánuði síðastliðnum gerðist síðan sá ánægjulegi atburður að verðbólguþéttmiðið náðist í fyrsta skipti síðan snemma á árinu 2011. Hvað peningastefnuna varðar spilar þrennt saman sem hefur stuðlað að þessum árangri. Í fyrsta lagi vaxtahækkanir á tímabilinu frá ágúst 2011 til nóvember 2012 sem voru viðbrögð við fyrirséðum verðbólguþéttur í framhaldi af

kjarasamningum vorið 2011. Þær voru umdeildar á sínum tíma en hafa nú sannað gildi sitt varðandi viðnám gegn verðbólgu án þess að setja efnahagsbatann út af sporinu. Í öðru lagi virðast skilaboð um að hið sama myndi gerast á þessu ári ef nýlegir kjarasamningar færu úr böndunum hafa reynst trúverðug sem er ólíklegt að hefði gerst án fyrri viðbragða. Í þriðja lagi hefur gjaldeyrisinngripastefna sem bankinn kynnti um miðjan maí á síðasta ári reynst árangursrík.

Haldist gengi krónunnar tiltölulega stöðugt eru horfur á að verðbólga haldist við markmið á þessu ári. Leggjast þar á eitt hagstæð verðbólguþróun það sem af er þessu ári, vísbendingar um að hækkun launakostnaðar hafi verið minni á síðustu misserum en áður var talið, að kjarasamningar sem náðust um áramótin og samrýmdust verðbólguþróun virðast ætla að verða ráðandi varðandi flesta aðra kjarasamninga og að horfur eru á að alþjóðleg verðbólga verði á næstunni nokkru minni en áður var spáð.

Litið til lengri tíma en árs gæti verðbólgan hins vegar aukist á ný þegar slakinn hverfur úr þjóðarþúskapnum og áhrifa aukinnar fjárfestingar og skuldalækkunaraðgerða gætir með meiri þunga í innlendri eftirspurn. Hvað það gæti þýtt varðandi verðbólguþróun ræðst af framvindu verðbólgu og verðbólguvæntinga á þessu ári og öðrum þáttum sem gætu haft áhrif á eftirspurn á næstu misserum. Það er verkefni peningastefnunnar á næstunni að ákveða með hvaða hætti verður brugðist við mismunandi horfum til skemmri og lengri tíma varðandi þróun verðbólgu með það að leiðarljósi að hún haldist áfram við markmið.

Stjórnþingi peningamála eru nú til skoðunar með það að markmiði að bæta lausafjárstýringu og búa í haginn fyrir að lausafjárstaða bankakerfisins þrengist samhliða sölu Eignasafns Seðlabanka Íslands á innlendum eignum og öðrum aðgerðum sem gætu tengst losun fjármagnshafna og munu valda því að skammtímavextir á markaði færast nær miðju vaxtagangs Seðlabankans. Við það gætu hreinar vaxtatekjur bankans aukist.

Um þessar mundir er rekin nokkuð önnur peningastefna en var fyrir fjármálakreppuna enda til staðar fjármagnshöft og stýrt flotgengi hefur í raun leyst því sem næst hreint flotgengi af hólmi. Sú stefna sem kynnt var í riti Seðlabankans sem gefið var út í desember 2010 með titlinum *Peningastefnan eftir höft* er því að einhverju leyti þegar komin til framkvæmda. Til greina kemur að ganga enn lengra á næstunni og móta ramma fyrir peningastefnuna sem leysa myndi sameiginlega yfirlýsingu ríkisstjórnar og Seðlabanka frá mars 2001 af hólmi og staðfesta þannig sumar af þeim breytingum sem þegar eru orðnar og ryðja brautina fyrir aðrar. Komi til þeirrar vinnu er mikilvægt að hafa í huga að það eru takmörk fyrir því hverju peningastefna getur fengið áorkað. Peningastefna getur til lengdar ákvarðað verðbólguþróun og til skamms tíma jafnað hagsveiflur, sérstaklega þegar hún er trúverðug í þeirri merkingu að verðbólguvæntingar haldast við markmið þó að unnið sé gegn efnahagssamdrætti. Eftir að slaki er horfinn getur peningastefnan hins vegar

ekki látið hagvöxt vera umfram hagvaxtargetu og tilraunir til slíks enda í viðvarandi verðbólgu umfram markmið.

Samkvæmt lögum hefur Seðlabanki Íslands tvö meginmarkmið. Hið fyrra er verðstöðugleiki, sem er meginverkefni peningastefnunnar. Hið seinna er að stuðla að fjármálastöðugleika. Varðandi framkvæmd peningastefnunnar er Seðlabankinn sjálfstæður og einn á sviðinu. Hann er einnig sjálfstæður varðandi framlag hans til fjármálastöðugleika, t.d. eigin greiningu og ákvarðanir um varúðarreglur sem honum er falið að setja, t.d. varðandi laust fé og gjaldeyrisáhættu. Þá leikur bankinn, eins og aðrir seðlabankar, lykilhlutverk þegar kemur að kreppuviðbrögðum í gegnum lausafjárþingreiðslu sína og sem lánveitandi til þrautavara, en hann er alls ekki einn á sviðinu þar sem aðrir eru með mikilvægt framlag til verkefnisins, ekki síst Fjármálaeftirlitið, en einnig viðkomandi ráðuneyti. Löggjafinn leikur líka meira hlutverk en á sviði peningastefnu þar sem ramma peningastefnunnar er að jafnaði sjaldan breytt en einstaka lagabreytingar sem varða fjármálakerfið eru mun tíðari. Fjármálastöðugleiki er því meira samvinnuverkefni ólíkra arma stjórnvalda.

Verkaskiptingin á sviði fjármálastöðugleika er breytileg frá einu landi til annars. Hins vegar hefur orðið ákveðin viðhorfsbreyting til hennar í framhaldi af fjármálakreppunni. Á árunum fyrir kreppuna var tilhneiging til að halda að það væri nægjanlegt til árangurs varðandi bæði peningalegan og fjármálalegan stöðugleika að peningastefnan miðaði þröngt að verðbólgu markmiði með fyrst og fremst vaxtatakið að vopni, að regluverk og fjármálaeftirlit ætti fyrst og fremst að beinast að því að einstakar stofnanir væru í lagi, og að markaðir myndu sjá um afganginn. Reynslan hefur sýnt að þessi sýn var ófullnægjandi og víða er verið að hverfa frá henni.

Að hluta til fól þessi sýn í sér uppskiptingu og hólfun eldri verkefna seðlabanka. Sums staðar er verið að taka á þessu vandamáli með því að hverfa aftur til seðlabanka sem hafa víðtæk hlutverk varðandi bæði peningalegan og fjármálalegan stöðugleika, samanber t.d. þróunina í Bretlandi. Það er þó ekki endilega eina leiðin. Hér á landi hafa Fjármálaeftirlitið og Seðlabankinn eflt með sér samstarf um greiningu á kerfisáhættu og upplýsingaskipti. Það hefur gengið vel enda samstarf stofnananna gott, en það er hins vegar varhugavert að treysta aðallega á góðan samstarfsvilja sem getur breyst síðar með öðrum leikendum. Því er mikilvægt að lagaumhverfið styðji betur við verkefnið. Þess vegna fagna ég því að nú er komið fram á þingi frumvarp um fjármálastöðugleikaráð sem miðar að því að skjóta traustari stöðum undir greiningu á og viðbrögð við kerfisáhættu og tryggja það aðgengi að upplýsingum sem þarf. Sagan mun svo leiða í ljós hvort frekari skref verða talin nauðsynleg.

Seðlabankinn mun gefa út ritið *Fjármálastöðugleiki* hinn 9. apríl nk. með ítarlegri greiningu á fjármálakerfinu og áhættuþáttum þess. Ég verð því stuttur um það efni. Stóra myndin er hins vegar sú að mikið hefur áunnist frá falli hins útsækna bankakerfis varðandi uppbyggingu heimamarkaðsmiðaðs fjármálakerfis. Efnahagsreikningar bankanna hafa styrkst um leið og

vandræðalánnum hefur fækkað, gjaldeyrismisvægi minnkað og eigið fé aukist. Lausafjárstaða þeirra er einnig góð. Þá eru skuldir heimila og fyrirtækja að minnka. Regluverk um bankastarfsemi hefur einnig verið bætt á grundvelli reynslu fjármálakreppunnar, bæði með innleiðingu alþjóðlegra reglna sem eiga rætur að rekja til þess mikilvæga alþjóðlega samstarfs sem varð til í fjármálakreppunni, og með innleiðingu reglna sem taka mið af íslenskum aðstæðum. Gott dæmi um þetta eru nýjar lausafjárreglur sem Seðlabankinn setti í desember sl. og byggjast á Basel-III-viðmiðunum en með sérstökum hlutföllum varðandi laust fé í erlendrum gjaldmiðlum. Ýmislegt er framundan varðandi innleiðingu regluverks svo sem Basel-III-eiginfjárreglur og sérstakar varúðarreglur sem stendur til að setja fyrir losun hafta og taka betur á gjaldeyrisáhættu og kvikum fjármagnshreyfingum.

Virkt fjármálakerfi gegnir mikilvægu hlutverki varðandi efnahagslegar framfarir. Það verður því að gæta að því að reglusetning dragi ekki um of úr þeirri virkni. Reglur mega ekki vera umfram það sem varnir gegn raunverulegri áhættu gefa tilefni til. Þess vegna er góð greining á áhættunni svo mikilvæg. Meðal annars af þessum sökum hefur Seðlabankinn lagt áherslu á gott samstarf við fjármálastofnanir varðandi reglusetningu.

Fjármagnshöftin og losun þeirra er sem fyrr mikilvægasti áhættuþáttur fjármálastöðugleika á Íslandi. Seðlabankinn hefur lagt fram ítarlega greiningu á þeim vanda sem við er að etja og uppfærðar tölur hvað hann varðar verður að finna í komandi útgáfu *Fjármálastöðugleika*. Stóra myndin hefur þó lítið breyst síðustu misserin. Ísland á við greiðslujafnaðarkreppu að stríða sem er meginástæða haftanna. Hún felst í því að aðgangur innlendra aðila annarra en ríkis og Seðlabanka að erlendum lánamörkuðum er takmarkaður. Samtímis er fyrirsjáanlegur viðskiptaafgangur næstu ára ekki nægur til að fjármagna samningsbundnar afborganir erlendra lána að öðru óbreyttu. Þá eru hugsanlega kvikar krónur í höndum erlendra aðila nú um fimmtungur landsframleiðslu og gætu farið upp í nærri hálfu landsframleiðslu ef krónueignir búa föllnu bankanna yrðu að fullu innheimtar og greiddar kröfuhöfum. Ísland hefur hins vegar engan afgang af gjaldeyristekjum til að leysa út þessar krónustöður.

Lausnin felst í því að dreifa endurgreiðslum erlendra lána, ganga frá krónuvanda sem tengist uppgjöri búa fallinna fjármálafyrirtækja með hætti sem eykur ekki á greiðslujafnaðarvandann og opna markaðsaðgang fyrir innlenda aðila. Um þessar mundir er verið að skoða margs konar útfærslur sem gætu skilað þessum árangri og því ekki ástæða til að fjölyrða um það nánar hér. En til að slíkar aðgerðir skili á heildina lítið þeim árangri sem að er stefnt er mikilvægt að áhrifin á greiðslubyrði erlendra skulda, hvort sem er í erlendum eða innlendum gjaldmiðli, verði á öllum tímum viðráðanleg, að staðinn verði vörður um skuldastöðu ríkissjóðs, lánshæfismat og aðgang að erlendum lánamörkuðum og að aðrir innlendir aðilar hafi aðgang að erlendum lánamörkuðum á viðráðanlegum kjörum í framhaldinu. Hér kunna markmið í einhverjum mæli að stangast á og er það m.a. úrlausnarefnið við val aðgerða. Þá er mikilvægt að hagstjórn og hvatar opinberra kerfa stuðli að þjóðhagslegum sparnaði og að reynt verði að varðveita viðskiptaafgang á

komandi árum þar sem það flýtir fyrir lausn greiðslujafnaðarkreppunnar, eykur traust á Íslandi og dregur úr líkum á að Ísland komi út úr ferlinu í efnahagslegu ójafnvægi. Þar sem um óafturkræfa gjörninga er að ræða höfum við eitt tækifæri varðandi uppgjör búanna, ekki losun haftanna almennt, og því mikilvægt að vel takist til. Það breytir því ekki að eins og ég hef sagt áður eykst kostnaður við höftin með tímanum og mikilvægt varðandi framfarir og hágæða hagvöxt að þau verði losuð fyrr en síðar. Þá er mikilvægt að við lærum það af reynslu okkar og annarra að óheftum fjármagnshreyfingum fylgir ekki einungis ávinningur heldur einnig áhætta. Viðeigandi varúðarreglur og aðrar ráðstafanir verða að vera til staðar til að mæta henni þegar skrefið verður stigið.

Að þessu sinni hefur ræða mín að mestu snúist um tvö meginverkefni bankans, þ.e. peningastefnu og fjármálastöðugleika, en verkefni bankans eru mun víðtækari. Auk þess hafa þau mörg hver vaxið að umfangi í framhaldi af fjármálakreppunni, eins og til dæmis varðveisla stærri gjaldeyrisforða og stóraukin þörf fyrir lögfræðipjónustu. Þá hafa ný verkefni bæst við eins og gjaldeyriseftirlit og endurheimt krafna sem Seðlabankinn sat uppi með í framhaldi af bankahruninu. Seðlabankinn hefur eflst sem stofnun í átökum við eldri og ný verkefni á síðustu árum. Til að takast á við þau hefur þurft að bæta við starfsfólki en hvergi í þeim mæli sem ætla mætti og hefði kannski gerst í öðrum löndum. Ástæðan er sú að bankinn hefur á að skipa afburðagóðu starfsfólki. Það er lykilatriði ef Seðlabankinn á að gagnast sem öflugt tæki til að varðveita peningalegan og fjármálalegan stöðugleika að í þeim breytingum sem kunna að vera framundan varðandi Seðlabanka Íslands að hann verði áfram bæði faglega sterkur og vinnusamur. Þar skiptir gott starfsfólk höfuðmáli. Ég vil þakka starfsfólki bankans fyrir góð störf á undanförunum árum.

Ágætu fundargestir. Ég vil að lokum þakka hinum margvíslegu samstarfsaðilum Seðlabankans fyrir samvinnuna á liðnu ári. Það á ekki síst við um Fjármálaeftirlitið og þau ráðuneyti sem Seðlabankinn á mest samskipti við, einkum fjármála- og efnahagsráðuneytið sem nú fer með málefni Seðlabankans innan Stjórnarráðsins. Þá þakka ég þeim fjármálastofnunum sem eiga viðskipti við Seðlabankann fyrir samstarfið. Einnig vil ég þakka samstarfið við Alþingi, einkum efnahags- og viðskiptanefnd.